

AUGLÝSING

um breytingu á Norðurlandasamningi um samstarf á sviði menningarmála.

Hinn 2. maí 1990 var finnska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi um breytingu á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 15. mars 1971 um samstarf á sviði menningarmála sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 15. september 1989, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/1972, þar sem samningurinn frá 1971 er birtur, 18/1983, 2/1984, 15/1985 og 5/1986. Samningurinn öðlast gildi 1. júní 1990.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 22. maí 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um breytingu á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samstarf á sviði menningarmála.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sem með samningum frá 13. júní 1983 og 6. maí 1985 hafa breytt samningi frá 15. mars 1971 milli Norðurlandanna um samstarf á sviði menningarmála, og

sem telja ráðvænlegt að gera breytingu á samningnum, hafa orðið sammála um eftirfarandi:

I.

d-liður 5. gr. samningsins orðist svo:

starfsemi á sviði fjölmiðlunar sem tekur til hljóðvarps, sjónvarps, kvikmynda, myndbanda og annarra rafeindafjölmiðla – bæði að því er varðar framleiðslu og dreifingu – með tilliti til hins menningarlega þáttar,

starfsemi skjalasafna, bókasafna og annarra safna, svo og um aðra menningarmiðlun, starfsemi sem lýtur að verndun menningarminja.

II.

Samningurinn öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er allir samningsaðilar hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu að hann hafi verið samþykktur.

Finnska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsaðilum um móttöku þessara tilkynninga, og um þann dag er samningurinn öðlast gildi.

III.

Frumrit samnings þessa skal varðveitt í finnska utanríkisráðuneytinu sem sendir öðrum samningsaðilum staðfest eftirrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn 15.9.1987 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textar jafngildir.